

Íslensk Tónverkamiðstöð

Kt. 660169-2299

Laugavegi 105
105 Reykjavík

Ársreikningur 2015

SKÝRSLA STJÓRNAR

JANÚAR – DESEMBER 2014

REKSTRARUPPLÝSINGAR

Íslensk tónverkamiðstöð eru félagssamtök. Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2014 að fjárhæð 3,9 m. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Hagnaður er til kominn vegna styrkjó sem greiddir voru út á árinu 2014 vegna verkefna á árinu 2015 og vegna innneigna tónskálda af sölu 2014 sem var greidd út í janúar 2015. Hagnaður sem fer til reksturs er því enginn.

Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 5,1 m. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárréikningum. Hlutafé er ókr og enginn tekjuskattur er greiddur vegna ársins þar sem um er að ræða félagssamtök.

Allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins koma fram í ársreikningum.

STARFSMENN

Starfsmenn á árinu 2014 héldust óbreyttir frá 2013. Signý Leifsdóttir er framkvæmdastjóri í 100% starfi og við afgreiðslu, skráningu og önnur ritara- og nóttnastörf starfa Aðalheiður Þorsteinsdóttir og Oliver Kentish, bæði í 34% starfshlutfalli.

TÓNLISTARKLAS INN

Í apríl flutti starfsemi Tónverkamiðstöðvar frá Skúlatúni 2 einnig nefnt Þórunnartún 2 að Laugavegi 105 í Tónlistarklasann sem rekinn er af Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar innanhúss eru einnig ÚTÓN, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, Iceland Airwaves, Jazzhátið, Íslensku tónlistarverðlaunin og sjálfstætt starfandi umboðsmenn í tónlist.

EFLING STARFSUMHVERFIS TÓNSKÁLDA

Í starfsssemi Tónverkamiðstöðvar á árinu 2014 var mikil áhersla lögð á að efla starfsumhverfi tónskálda á Íslandi, hér fyrir neðan má sjá verkefni þar sem Tónverkamiðstöð vann að því takmarki árið 2014.

STARFSHÓPUR

Tónverkamiðstöð hafði frumkvæði að því að setja saman starfshóp um bætt starfsumhverfi tónskálda. Í starfshópnum voru Signý Leifsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Tinna Þorsteinsdóttir og Hjálmar H. Ragnarsson, auk þess sem náið var unnið með formanni Tónskálðafélags Íslands, Kjartani Ólafssyni.

Nokkuð var rætt um að bæta þyrfti samninga við stofnanir s.s. Sinfóniuhljómsveit Íslands og RÚV. En það sem helst varð ofaná var að bæta þyrfti þekkingu á verðmætamati vinnu tónskálda. Starfshópnum þótti nokkuð ljóst að margir brestir væru á starfsumhverfinu og til þess að bæta það yrði best að fá úttekt á stöðunni eins og hún væri í dag, með hjálp utanaðkomandi ráðgjafa. Leitað var til STEFs eftir fjármagni, en þeiri beiðni var hafnað.

Tónverkamiðstöð hefur unnið sjálfstætt að neðangreindumatriðum til að bæta starfsumhverfið, en áhugi er fyrir því að taka aftur upp vinnu starfshópsins og reyna að fá fjármagn annarsstaðar fyrir sambærilegu verkefni, þar sem um mikilvægt verkefni er að ræða.

AUKA ÞEKKINGU A MÖGULEGUM STYRKJUM

Tónverkamiðstöð birti á íslensku heimasiðunni sinni lista yfir styrki fyrir tónlistarmenn og sendi á alla á póstlista miðstöðvarinna. Sami listi hefur nú einnig verið birtur á vef ÚTÓN.

Stærsti styrkur sem standur tónskálðum til boða á Íslandi fyrir pantanir á nýjum verkum er Tónskáldasjóður RÚV. Því miður voru upplýsingar um sjóðinn af skornum skammti og fannst yngri tónskálðum erfitt að nálgast upplýsingar um hann og vissu jafnvel ekki um tilvist hans. Tónverkamiðstöð hafði nokkuð fyrir því að fá sem bestar upplýsingar um sjóðinn og birti upplýsingar á heimasiðu sinni um hvernig mætti sækja um styrki. Þetta er ein mest lesna frétt miðstöðvarinna, ásamt styrkjalistanum.

Í fréttinni um Tónskáldasjóð RÚV og einnig þegar miðstöðin miðlaði upplýsingum um Musica Nova, notuðum við tækifærð til að efla þekkingu þeirra sem panta verk og tónskálðanna sjálfrá á verðmætamati á vinnu þeirra. Þetta var gert með því að benda á erlenda taxta fyrir pantanir frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Ástralíu. Þetta vakti þó nokkrar umræður bæði þar sem tónskáld höfðu beint samband við miðstöðina og á samfélagsmiðlum.

MÍÐLA TEKIFÉRUM A HEIMASÍÐU

Tónverkamiðstöð fær reglulega tölvupósta um ýmsar tónsmiðakeppnir og residensir fyrir tónskáld. Litið hefur verið gert við þessar upplýsingar fram að þessu, en nú eru þessi tækifæri birt á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar um leið og þau berast. Áhugavert er að sjá hversu mikil þessar fréttir eru lesnar og því ljóst að mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu.

SAMVINNA UM KYNNINGARSTARF VIÐ ÚTÓN OG NOMEX

Eftir að Tónverkamiðstöð flutti í sama húsnæði og ÚTÓN hafa samskipti á milli þessara skrifstofa aukist til muna og var á árinu 2014 ákvæðið að fara í fyrsta formlega samstarfsverkefni þessara tveggja tónlistarmiðstöðva. Verkefnið felst í útgáfu bæklings í tengslum við tónlistarstefnuna Classical:NEXT í Rotterdam í maí 2015 og var unnið áfram að því verkefni á árinu 2015.

Einnig var ánægjulegt að NOMEX hafði samband við Tónverkamiðstöð varðandi stofnun verkefnis í samtímatónlist innan Nordic Playlist. Það verkefni hlaut á endanum nafnið MAGMA og er stýrt af verkefnastjóra NOMEX, Francine Gordon og Arnbjörgu Mariú Danielsen sem kemur inn í verkefnið sem sjálfstæður ráðgjafi. Á árinu 2014 var búið að birta umfjöllun um m.a. Önnu Þorvaldsdóttur ásamt öðrum norrænum tónskálðum. Um mjög flott verkefni er að ræða sem verður meðal annars fjallað um á fyrnlefndu Classical:NEXT í maí 2015 fyrir tilstuðlan Tónverkamiðstöðvar.

YRKJA

Á haustdögum 2013 fór framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar, Signý, í starfsheimsókn til ensku tónverkamiðstöðvarinnar Sound & Music fyrir tilstuðlan verkefnis á vegum IAMIC, alþjóðasamtaka tónverkamiðstöðva. Vakti það athygli Signýjar hversu mörg verkefni Sound & Music stóð fyrir og var þar sérstaklega eitt verkefni sem nefndist Embedded sem var áhugavert. Embedded snýst um að para saman valdar listastofnanir og ný tónskáld í eins konar residensíu yfir ársskeið, ásamt starfspróun í samvinnu við Sound & Music. Ákvað framkvæmdastjóri í samvinnu við stjórn að reyna að þróa sambærilegt verkefni hér á Íslandi. Til að verkefnið hefði mikil áhrif á starfsumhverfi tónskálða á Íslandi var leitað strax eftir samstarfi við Sinfóniuhljómsveit Íslands um að vera aðal samstarfsaðili verkefnissins. Þau tóku strax vel í það og var eftir það einnig leitað eftir samstarfi við Jaðarber Þónleikaröð og Nordic Affect. Mikil vinna var lögð í fjármögnun verkefnisins á haustdögum 2014. Nú er ljóst að verkefnið verður að veruleika á árinu 2015. Fjármagn fíkkst bæði frá Reykjavíkurborg og Tónskálðasjóði RÚV.

EFLING TONLISTARHATIÐA

Ljóst þykir að ein besta leiðin til að kynna mörg íslensk tónskáld í einu er að fá sem flesta erlenda listræna stjórnendur, hljómsveitarstjóra, blaðamenn og erlenda gesti á þær hátiðir á Íslandi sem leggja áherslu á samtímatónlist. Í dag eru Myrkir mísíkdagar og Tectonics þar fremst í flokki. Tectonics hefur nokkuð sterkt bakland þar sem það er haldið af Sinfóniuhljómsveit Íslands en aðra sögu má segja um Myrka mísíkdaga. Var því á haustdögum 2013 farið í samtal við stjórnendur Myrkra um hvort hægt væri að efla erlend tengsl hátiðarinnar. Kom þá í ljós að ýmislegt annað var ábótant hjá hátiðinni og í framhaldinu tökk framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar sæti í ný stofnaðri stjórn Myrkra í byrjun árs 2014. Mikil vinna var lögð í hátiðina á árinu en því miður náðist upphaflegt markmið með samstarfi við hátiðina ekki. Áfram verður unnið að sama marki þar sem ljóst er að um flotta hátið er að ræða sem vel má byggja á.

YOU ARE IN CONTROL

Á árinu 2014 fór framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar á vikulega fundi frá apríl og fram í nóvember varðandi ráðstefnuna You are in Control. Aðkomu miðstöðvarinnar var að beiðni Íslandsstofu sem sá um að skipuleggja ráðstefnuna. Ráðstefnan gekk nokkuð vel, en ekki verður haldið áfram með þetta samstarf þar sem það þykir ekki samræmast náðu vel stefnu Íslandsstofu.

RÄDGJÖF

Tónverkamiðstöð reynir eftir fremsta megni að bjóða tónskáld og flyttendum til samtals við miðstöðina. Þá veitir framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar tónskálðum og flyttendum reglulega viðtöl um ýmis mál er tengjast starfsframa þeirra s.s. Útgáfu, umboðsmenn, útflutning, tónleikahald, starfspróun og fleira. Á árinu 2014 veitti framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar yfir 50 slik viðtöl.

KYNNINGARSAMSTARF OG UPPBYGGING TENGLANETA

GAGNAGRUNNUR

Í desember 2013 hafði Menntamálaráðuneytið samband og vildi veita Tónverkamiðstöð styrk fyrir gerð nýs gagnagrunns, en framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar hafði ítrekað rætt við ráðuneytið um nauðsyn þess. Styrkinn var upp á 2 milljónir og var strax ljóst að erfitt yrði að fá forritara til að byggja upp nýtt kerfi fyrir það fé. Framkvæmdastjóri fór því að leita að kerfi sem miðstöðin gæti keypt sig inn í. Á endanum varð ofaná að velja kerfi Cantando í Noregi, en þeir eru með kerfi sem þjónar þeim þörfum sem miðstöðin hefur. Þau voru tilbúin til að koma til móts við hversu líttinn pening miðstöðin gæti sett í upphafskostnað við að taka upp kerfið og gerð nýrra virknipáttu sem miðstöðin þarf að halda. Árið 2014 fór mikill timi í að finna út úr hvernig hægt væri að taka gögnin úr gamla kerfinu og setja inn í það nýja án þess að tapa upplýsingum, en í gagnagrunnum eru tæp 10.000 verk og miklar upplýsingar eru til um hvert og eitt þeirra. Því miður náðist ekki að klára þessa vinnu á árinu en vonast er til að hægt verði að opna nýja gagnagrunninn sem einnig er söluvefur haustið 2015.

ENDURHÖNNUN ÚTLITS

Á árinu 2014 var ákveðið að ráðast í að uppfæra lógó Tónverkamiðstöðvar. Linda Loweskov var fengin inn í verkefni en hún er grafiskur hönnuður sem starfar sjálfstætt. Í upphafi var reynt að breyta og uppfæra gamla lógoið, en fljótegla var ljóst að best væri að vinna nýtt lógó.

Gamla lógoið sést hér fyrir neðan í bæði enskri og íslenskri útgáfu:



Hér fyrir neðan má sjá nýtt lógó miðstöðvarinnar:



Nýja lógoið var tekið til notkunar í byrjun maí 2015 og munu nýjar forsiður á nóturnar ásamt nýjum bréfsefnum og nafnspjöldum koma úr prentun síðar í maí og fara þá strax í notkun.




LYKILTÖLUR 2014

HEILDARFJÖLDI SKRÄÐRA VERKA

Þegar þessi skýrsla er skrifuð, í byrjun maí 2015, eru 350 tónskáld á skrá Tónverkamiðstöðvar sem eiga samtals 9.797 tónverk. Af tónskáldunum eru 40 konur, eða 11,4%, ef litið er til tónverkanna eru 705 verk eftir konur eða 7,2%.

Þau tónskáld sem eiga flest verk í safninu má sjá á eftirfarandi mynd.





Því miður er ljóst að verulega hallar á konur í safni miðstöðvarinnar og til samanburðar má nefna að samanlagður fjöldi tónverka eftir Atla Heimi Sveinsson og Þorkel Sigurbjörnsson er meiri en heildarfjöldi skráðra verka eftir konur.

SKRÁÐ VERK Á ÁRINU

Á árinu 2014 lögðu meðlimir Tónverkamiðstöðvarinnar inn 63 ný verk, en töluvert meira af verkum var skráð upp úr gögnum sem miðstöðinni hafa verið gefin í gegn um tíðina og sést það best á því að í maí 2013 voru um 9500 verk í safni miðstöðvarinnar eða tæpum 300 verkum færra en er nú.




SÓLUTEKJUR

Heildartekur af sölu árið 2014 voru 4,68 milljónir. Tekjurnar fara stigvaxandi með hverju árinu en hér fyrir neðan má sjá tekjur af sölu síðustu ára talið í milljónum. Hin mikla uppsveifla árið 2011 er vegna aukinna teknar af nóttnaleigu vegna opnunar Hörpu.




Á næstu mynd má sjá mánaðarlega og uppsafnaða heildarsölu árið 2013 skipt milli mánaða í samanburði við 2014, bókhaldskerfið var tekið upp sumarið 2013 og því eru ekki til gögn fyrir mánuðina á undan það ár.

Mánaðarleg- og uppsofnuð heildarsala



Hér fyrir neðan má svo sjá hvernig árið 2014 er miðað við stöðuna þegar skýrslan er skrifuð í byrjun maí 2015.





Nokkur mikil sveifla er milli mánaða, en það skýrist af því að tekjur af leigu stærri hljómsveitarverka geta verið mjög miklar og eru þá oft afgreidd fleiri en eitt verk í einu. Stærsti viðskiptavinur Tónverkamiðstöðvarinnar í leigu hljómsveitarverka er Sinfóniuhljómsveit Íslands.

Þegar nýja bókhaldskerfið var tekið í gagnið var ákveðið að gera greinarmun á tekjum af sölu erlendis og innanlands og má því skoða þær tölur nú í fyrsta skiptið árið 2014. Nokkuð áhugavert er að tekjur af sölu erlendis voru meiri en tekjur af sölu innanlands, eða 52% af heildarsölunni.

SÖLUHÆSTU TÓNSKÁLDIN

Hér fyrir neðan má sjá mynd sem sýnir söluhæstu tónskáld Tónverkamiðstöðvar árið 2014, talið í þúsundum króna.





Hér sést að söluhæsta tónskáldið á árinu 2014 var Porkell Sigurbjörnsson, en söluhæsta núlifandi tónskáldið var Anna Þorvaldsdóttir.

SÖLUHÆSTA TÓNVERKIÐ

Þegar litið er til sölu tónverkanna er áberandi að lang söluhæsta tónverkið var Heyr himna smiður eftir Porkel Sigurbjörnsson og skýrir það að mestu af hverju hann var söluhæsta tónskáldið á árinu 2014 og hversu mikil af sölu miðstöðvarinnar var erlendis á árinu. Tónverkið er til sölu í fjórum mismunandi útsetningum og seldust þær í alls 2.829 eintökum. Næst söluhæsta tónverkið var Rauði riddarinn eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson sem seldist í 195 eintökum.

HEIMASIÐA

Heimasiða Tónverkamiðstöðvar er tvískipt. Annars vegar er mic.is á ensku, þar sem textinn er á ensku og er miðaður við áhugamenn um íslenska tónlist og þeim sem vilja kaupa tónverk af miðstöðinni. Hins vegar er tonverkamidstod.is þar sem textinn er á íslensku og miðaður við tónskáld sem eru að leita sér upplýsinga um ýmis tækifæri tengd tónsmiðum og fyrir íslenska kaupendur að nótum. Flettingar á mic.is á árinu 2014 voru 30.998, þar af voru 15.254 einstaklingar sem heimsóttu síðuna. Vinsælasta síðan fyrir utan forsiðuna geymir upplýsingar um hvernig má kaupa Heyr himna smið eftir Porkel Sigurbjörnsson sem hljómsveitin Árstíðir gerði heimsfrægt á YouTube. Flestir sem komu á síðuna voru frá Bandaríkjunum.

Flettingar á tonverkamidstod.is á árinu 2014 voru 5.063, þar af voru 1.848 einstaklingar sem heimsóttu síðuna. Vinsælasta síðan fyrir utan forsiðuna geymir upplýsingar um styrki sem eru í boði fyrir tónlistarmenn.

Áritun

Til stjórnar Íslenskrar tónverkamiðstöðvar:

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings fyrir Íslenska tónverkamiðstöð fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álití sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar. Ársreikningurinn hefur ekki verið endurskoðaður.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Reykjavík, 7. maí 2015

id Bókhald ehf

Inga Dóra Jóhannsdóttir

Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur:			
Rekstrarstyrkir	2,3	13.400.000	13.400.000
Sala til erlendra aðila 01.01.-31.08.2015		3.358.769	0
Aðrir styrkir	3	1.700.000	5.195.000
Sala innanlands 01.01.-31.08.2015		877.324	0
Sala í vefverslun 01.09.-31.12.2015		600.063	0
Höfundagreiðslur frá STEFi vegna Jóns Leifs		566.281	542.657
Aðrar tekjur		261.519	545.194
Seld þjónusta og ljósrit úr safni		0	1.038.913
Raddleiga		0	1.985.029
Sala hljómfanga, spilun		0	140.999
Sala á útgefnu prentefni		0	0
Sala kórverkaútgáfu		0	676.228
		<u>20.763.956</u>	<u>23.524.020</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	12.832.850	10.375.871
Forritun - gagnagrunnur vefverslun		2.330.588	0
Aðkeypt þjónusta		1.274.538	0
Höfundalaun vegna sölu og leigu tónverka		1.205.618	803.282
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	1.111.929	7.761.102
Húsaleiga		1.089.800	0
Tryggingar		908.767	0
Ferðakostnaður		549.717	0
Styrkir		470.000	0
Endurskoðun og reikningshald		391.293	0
Fjármögnumnarleiga skrifstofubúnaðar		381.134	0
Rekstur tölvukerfis og heimasíðu		247.612	0
Tölvusetning tónverka		163.890	0
Kynningarstarf	6	133.788	755.973
Rekstrarvörur og smáahöld		97.882	0
Félagsgjöld		93.818	0
Kaffikostnaður		73.408	0
Funda- og viðskiptakostnaður		60.420	0
Paypal þóknun		48.002	0
Aðkeyptur akstur leigubifreiða		46.610	0
Tónleikar og viðburðir, aðgangseyrir		35.500	0
Auglýsingar		24.747	0
Flutningskostnaður		19.012	0
Ráðstefnugjöld		11.993	0
Bílastæðasjóður		8.980	0
Ýmis kostnaður		5.544	0
Annar húsnæðiskostnaður		1.497	0
		<u>23.618.937</u>	<u>19.696.228</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(2.854.981)	3.827.792
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		83.936	59.507
Fjármagnsgjöld	(131.914)	(10.114)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(47.978)	49.393	
Rekstrarafkoma ársins		(2.902.959)	3.877.185

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Eignir			

Veltufjármunir:

Birgðir	7	1.378.100	1.378.100
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		553.583	529.290
Aðrar skammtímakröfur		318.950	261.015
Handbært fé		1.892.796	4.615.667
		Veltufjármunir samtals	4.143.429
		Eignir samtals	4.143.429
		6.784.072	6.784.072

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Afkoma ársins	(2.902.959)	3.877.185
Frá fyrra ári	5.826.257	1.949.072
	Eigið fé samtals	8 2.923.298

Skammtímaskuldir:

Ógreidd höfundalaun	0	1.016.001
Ógreiddur kostnaður	0	694.441
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.220.131	0
Skammtímaskuldir samtals		
	1.220.131	1.710.442
	Skuldir samtals	1.220.131
	Eigið fé og skuldir samtals	4.143.429
	6.784.072	6.784.072

Sjóðstreymisyfirlit árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma ársins	(2.902.959)	3.877.185	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvældum:			
Hagnaður af sölu eignarhluta í öðrum félögum	0	0	
Veltufé (til) frá rekstri	(2.902.959)	3.877.185	
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Birgðabreyting lækkun, (hækkun)	0	0	
Skammtímaskuldir, lækkun, (hækkun)	(82.228)	234.383	
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun)	(490.311)	(394.417)	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(572.539)	(160.034)	
Handbært fé til rekstrar	(2.722.871)	3.717.151	
Breyting á handbæru fé	(2.722.871)	3.717.151	
Handbært fé í ársbyrjun	4.615.667	898.516	
Handbært fé í lok ársins	1.892.796	4.615.667	

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Tekjur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar hafa verið færðar nettó að teknu tilliti til ýmissa afsláttu til félagsmanna og fleiri aðila og er sömu aðferð beitt í ár. Í flestum tilfellum er um að ræða sent kynningarafni, svo sem geisladiska og nótur.

2. Rekstrarstyrkir

	2015	2014
Fjárlaganeft Alþingis	13.400.000	13.400.000

3. Aðrir styrkir

	2015	2014
Menntamálaráðuneytið, rekstrarstyrkur vegna uppbyggingar gagnagrunns	400.000	1.600.000
STEF	600.000	1.275.000
Tónskálásjóður RUV	0	1.520.000
Reykjavíkurborg	700.000	0
Innheimtumiðstöð gjalda	0	800.000
	<u>1.700.000</u>	<u>5.195.000</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2015	2014
Vinnulaun	10.210.287	8.208.894
Lifeyrissjóður, mótframlag	1.021.033	712.760
Stjórnarlau	316.000	200.000
Tryggingagjald	859.192	695.370
Bifreiðastyrkir	240.000	240.000
Félagsgjöld	147.398	0
Annar starfsmannakostnaður	38.940	0
Dagpeningar	0	188.065
Önnur launatengd gjöld	0	130.782
	<u>12.832.850</u>	<u>10.375.871</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2015	5.826.257	1.949.072
Rekstrarrafkoma ársins	(2.902.959)	3.877.185
Staða 31.12.2015	<u>2.923.298</u>	<u>5.826.257</u>

6. Hjálagt eru sundurliðanir með rekstrarreikningi.

Sundurliðanir

	2015	2014
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Húsaleiga, sameign, rafmagn o.fl.	0	1.709.079
Pappír, prentun og ritföng	110.429	189.724
Tölvusetning tónverka	0	1.362.520
Tækjaleiga	0	369.057
Burðargjöld	223.625	110.860
Bókhaldskerfi	119.336	0
Blöð og tímarit	0	8.990
Gjaldfærð áhöld og búnaður	0	167.856
Öryggisgæsla og viðhald	0	25.182
Rekstur tölvukerfis	0	1.411.435
Bókhalds- og sérfræðiþjónusta	0	672.393
Tryggingar	0	518.795
Aðkeyptur akstur og flutningskostnaður	0	230.798
Risna og gjafir	0	3.680
Funda- og viðskiptakostnaður	0	37.598
Bréfsefni, umslög, nafnspjöld ofl	319.734	0
Auglýsingar	0	11.154
Afskrifaðar tapaðar kröfur	0	88.644
Posaleiga	71.997	69.688
Þóknun, seðilgjöld og bankakostnaður	0	127.018
Kaffistofa, gestamóttaka o.fl.	0	47.425
Sími og internet	266.808	391.550
Félags- og aðildargjöld	0	90.856
Annar starfsmannakostnaður	0	116.800
	<u>1.111.929</u>	<u>7.761.102</u>
Kynningarstarf		
Ferðakostnaður	0	755.973
Kynningarkostnaður	<u>133.788</u>	0
	<u>133.788</u>	<u>755.973</u>
Áðrar skammtímakröfur		
Paypal	136.001	755.973
Afdreginn fjármagnstekjkuskattur	25.680	0
Visakort, inneign	<u>157.269</u>	0
	<u>318.950</u>	<u>755.973</u>